

Persónuverndarstefna

Gimli vinnur með persónugreinanleg gögn um einstaklinga og vistar í upplýsingakerfum sínum.

Skólinn leggur ríka áherslu á að tryggja, með margvíslegum hætti, trúnað, áreiðanleika og örugga og ábyrga meðferð upplýsinga.

Hvaða gögn

Um er að ræða gögn um nemendur, aðstandendur og starfsfólk. Persónuleg gögn er varða nemendur og aðstandendur eru meðal annars:

- Nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang
- Myndir
- Beiðnir um og niðurstöður greininga sem og heilsufarsupplýsingar
- Viðveruskráningar

Persónuleg gögn er varða starfsfólk eru meðal annars:

- Nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang
- Myndir
- Heilsufarsupplýsingar
- Sakavottorð
- Viðveruskráningar
- Tölvupóstar
- Ráðningar- og launasamningar, launaútreikningur

Heimildir

Skólinn vistar og vinnur eingöngu með þau gögn sem nauðsynleg eru og heimilt er að vinna með samkvæmt lögum, samningum við aðila eða upplýstu samþykkti einstaklinga og annarra þeirra sem að verkefnum koma.

Hvaða notkun

Gögn og upplýsingar sem skólinn geymir í upplýsingakerfum sínum, eru einungis notuð til að skólinn geti sinnt hlutverki sínu á sem bestan máta. Skólinn dreifir engum gögnum án skriflegrar heimildar þess einstakling sem á i hlut.

Geymsla gagna - Varnir

Leikskólinn setur sér starfsreglur um geymslu gagnanna til að koma í veg fyrir eða lágmarka skaða af völdum misnotkunar eða gáleysis.

Öll gögn og vinnslur eru varin þannig að einungis þeir sem heimildir hafa til að vinna með gögnin, sjá þau og/eða breyta, geti framkvæmt slíkar aðgerðir, aðrir geta ekki skoðað eða unnið með gögnin.

Afritun

Öll gögn hjá skólanum eru afrituð til að tryggja að þau séu ætíð til staðar.

Réttleiki

Skólinn leitast ætíð við að tryggja réttleika gagna sinna. Komi í ljós að upplýsingar séu rangt skráðar, eru þær uppfærðar.

Réttur einstaklinga til upplýsinga um vinnslu og aðgangs að eigin persónuupplýsingum

Leikskólinn veitir öllum einstaklingum sem eftir því óska, aðgang að upplýsingum um þau persónugögn sem hann vistar og/eða vinnur með um einstaklinginn.

Skipaður hefur verið persónuverndarfulltrúi sem m.a. tekur við beiðnum einstaklinga og setur þær í farveg þannig að unnt sé að svara einstaklingum innan ásættanlegs frests.